

# LANDPÓSTURINN

1. tbl. 5. árg. 1993 • Fréttabréf Félags landfræðinga  
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Guðrún Gísladóttir

## Ráðstefna Félags landfræðinga Breytingar á dreifingu byggðar á Íslandi

### - Ýmsar forsendur -

Félag landfræðinga gengst fyrir ráðstefnu um byggðamál sem haldin verður í Norræna húsinu í Reykjavík föstudaginn 5. febrúar 1993 kl. 9<sup>00</sup> til 16<sup>30</sup>. Ráðstefnugjald er 500 kr. fyrir félagsmenn og námsfólk en 1.000 kr. fyrir aðra. Innifalið í verði er kaffi og ráðstefnugögn. Öllum er heimil þátttaka meðan húsrúm leyfir.

### Dagskrá ráðstefnunar

9<sup>00</sup> Skráning

9<sup>20</sup> Ávarp: Davíð Oddson forsætisráðherra

9<sup>30</sup> Sigurður Guðmundsson, Bygðastofnun:

**Nýjar áherslur í byggðamálum.**

9<sup>50</sup> Sigfús Jónsson, aðstoðarmaður iðnaðarráðherra:

**Hugmyndir um aukið hlutverk sveitarfélaga.**

10<sup>10</sup> kaffi

10<sup>30</sup> Björn S. Stefánsson, dr. scient.:

**Lýðræðislegar forsendur fyrir skiptingu landsins í umdæmi.**

10<sup>50</sup> Árni Jón Elfasson, verkefnisstjóri:

**Reynsla af sameiningu sveitarfélaga**

11<sup>10</sup> Guðrún Ólafsdóttir, Háskóla Íslands:

**Landsbyggðin og konurnar. Vandamál eða auðlind?**

11<sup>30</sup> Fyrirspurnir og umræður

12<sup>00</sup> Matarhlé

13<sup>00</sup> Elísabet Benediktsdóttir, Bygðastofnun:

**Átaksverkefni í atvinnumálum.**

- 13<sup>20</sup> Guðrún Halla Gunnarsdóttir, Skipulagi ríkisins:  
**Skipulag byggða og nýting lands.**
- 13<sup>40</sup> Gylfi Már Guðbergsson, Háskóla Íslands:  
**Breytingar á landnýtingu til sveita.**
- 14<sup>00</sup> Emil Bóasson, Bygðastofnun:  
**Hlutdeild í aflakvóta 1986-1992.**
- 14<sup>20</sup> Karl Benediktsson, Háskóla Íslands:  
**Smábátaútgærð: Tímaskekkja eða töfralausn í sjávarbyggðum?**
- 14<sup>40</sup> kaffi
- 15<sup>10</sup> Oddný Óladóttir, landfræðingur:  
**Mat á efnahagslegum áhrifum erlendra ferðamanna á Íslandi.**
- 15<sup>30</sup> Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir, Hjartavernd:  
**Bráðþjónusta á landsbyggðinni.**
- 15<sup>50</sup> Karl Kristjánsson, menntamálaráðuneyti:  
**Staða menntamála á landsbyggðinni.**
- 16<sup>10</sup> Fyrirspurnir og umræður
- 16<sup>30</sup> Ráðstefnuslit

**Þátttöku á ráðstefnuna þarf að tilkynna eigi síðar en 25. janúar 1993. Sjá baksíðu.**

## **Lög Félags landfræðinga**

### 1. grein

Félagið heitir **Félag landfræðinga**. Heimili þess og varnarping er í Reykjavík.

### 2. grein

Markmið félagsins er:

- a. Að starfa sameiginlega að eflingu fræðigreinarinnar landafræði, meðal annars með stuðningi við Landfræðifélagið.
- b. Að efla samvinnu félagsmanna.
- c. Að standa vörð um hagsmunamál og réttindi landfræðinga.

### 3. grein

Félagi getur orðið hver sá, sem lokið hefur háskólaprófi í landafræði frá viðurkenndum háskóla, enda samþykki félagsstjórnin upptöku hans. Sé vafi um prófgráðu umsækjanda skal aðalfundur skera úr um inngöngu þeirra í félagið. Aukaaðild að félaginu geta þeir fengið sem eru í landafræðinámi á háskólastigi gegn greiðslu á hálfu árgjaldi. Aukafélagar hafa málfrelsi og tillögurétt.

### 4. grein

Fullgildur félagi er sá sem greitt hefur félagsgjöld sín til félagsins fyrir næstliðið ár eigi síðar en á aðalfudi félagsins.

Nú stendur félagi eigi í skilum á félagsgjöldum, ber þá gjaldkera að tilkynna honum bréflga um réttindamissi hans í félaginu, verði skuldin eigi greidd innan tveggja mánaða frá dagsetningu bréfsins.

Undanþegnir félagsgjöldum eru félagar eldri en 70 ára og félagar við framhaldsnám.

### 5. grein

Aðalfund skal halda í mars mánuði ár hvert og skal hann boðaður bréflga með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

Fastir liðir á dagskrá aðalfundar skulu vera:

- a. Skýrsla formanns.
- b. Að leggja fram endurskoðaða ársreikninga félagsins.
- c. Að kjósa fimm manna stjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Kjörtímabil annarra stjórnarmanna er tvö ár og ganga tveir árlega úr stjórninni. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.
- d. Að kjósa tvo endurskoðendur
- e. Að ákveða félagsgjöld.
- f. Lagabreytingar.
- g. Önnur mál.

Stjórnin er fulltrúi félagsins út á við, en heimilt er henni eða aðalfundi að fela öðrum að koma fram sem fulltrúi þess í sérstökum tilfellum, ef þurfa þykir. Stjórnin boðar til félagsfundar þegar henni þykir tilefni til og skylt er henni að boða til fundar þegar sjö félagsmenn eða fleiri óska þess.

### 7. grein

Á fundum fálagsins ræður afl atkvæða úrslitum mála. Þó verður lögum þess eigi breytt nema á aðalfundi og því aðeins að 2/3 fundarmanna samþykki breytinguna. Tillögur um lagabreytingar skulu berast stjórn eigi síðar en 1. febrúar og skulu þær sendar út með aðalfundarboði.

### 8. grein

Leggist félagið niður, renna eignir þess til Landfræðifélagsins með þeim skilyrðum sem þá verða sett.

# ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð félagsins verður haldin að kvöldi 5. febrúar. Árshátíðin verður haldin í Fóstbræðraheimilinu við Langholtsveg 109-111 og hefst með fordrykk kl. 19<sup>30</sup> borðhald hefst kl. 20<sup>15</sup>. Veislu- og skemmtistjóri: Hrafnhildur Loftsdóttir.

Á boðstólnum er fordrykkur, *grafinn lax með sinnepssósu, hvítlaukskryddað lambainnlæri með kryddjurtasósu og heimalöguð ostakaka með berjasósu*. Lifandi tónlist hússins, söngur, glens og gaman. Verð aðeins 2.600 á mann fyrir félagsmenn og maka þeirra en 3.000 kr. fyrir aðra. Miðinn gildir sem happdrættismiði.

Í fyrra var skemmtilegt en nú verður það enn betra. Rifjum upp gömul kynni og hittumst öll hress og kát. Munið að ýta við árgangi ykkar úr landafræðinni.

Miðar verða seldir við innganginn í Fóstbræðraheimilinu og á ráðstefnunni fyrr um daginn.

## **Þátttöku á ráðstefnuna og/eða árshátíð þarf að tilkynna eigi síðar en 25. janúar 1993.**

**Eftirtaldir munu sjá um skráningu:**

	sími
Guðrún Gísladóttir	91-694471/675550
Guðrún Halla Gunnarsdóttir	91-28502/624100
Oddný Óladóttir	91-626602
Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir	91-812589/624100